

Hulda Kristjánsdóttir

From: Berglind Guðndóttir <beggdav@gmail.com>
Sent: sunnudagur, 15. september 2024 20:16
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Vegna Ársfundar SSK 2025

15. september 2024

Berist til sveitarstjórnar Flóahrepps.

Kvenfélagi Hraungerðishrepps og Gaulverjahrepps hefur verið boðið að halda Ársfund SSK vorið 2025, annað hvort 26.apríl eða 3.maí. Fundurinn yrði haldinn annað hvort í Þingborg eða Félagslundum þar sem 50-70 konur mæta og sitja fundinn. Viðamikil dagskrá er frá kl.10 um morguninn sem endar svo með kvöldverði og skemmtidagskrá. Yfirleitt er það í boði sveitastjórnar eða ráðamanna á viðkomandi svæði sem eru þá yfirleitt viðstaddir dagskrá kvöldsins en stundum sér kvenfélagið sjálft um að elda matinn.

Kvenfélögin þurfa að svara þessari fyrirspurn ekki seinna en 11. október. Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður 10. október og þá verður þetta mál skoðað. Fyrir hönd stjórnar Kvenfélags Hraungerðishrepps þá legg ég fram þetta erindi til sveitarstjórnar hvort vilji sé að lána okkur annað hvort félagsheimilið aðra hvora dagsetninguna og einnig gefa hátíðarkvöldverðinn.

Með kveðju
Berglind Björk Guðnadóttir
Formaður Kvenfélags Hraungerðishrepps